

Líf og list



Umsjón:
Magdalena
Schram

Iðnaðarmannafélagið með sýningu

Framkvæmdanefnd „Ars trésins“ hefur ákveðið að verða við boði Iðnaðarmannafélags Reykjavíkur um að efna til sýningar á nytja- og listmunum úr víði í tilefni ársins og hefur verið ráðgert að halda sýninguna í nóvember. Iðnaðarmannafélagið vinnur nú að því að safna sýningargripinum „þar sem vitað er að fjöldi iðnaðarmanna um land allt hafa gert margan fagran grip úr tré, ýmist til nytja eða til að þjóna sköpunargleði og listhneigð höfundar“, eins og segir í frétt Iðnaðarmannafélagsins.

Hugmyndin um slíka sýningu kom fram á fundi félagsins á sl. vori og fékk strax góðar undirtektir. Það gaf hugmyndinni einnig byr undir báða vængi, hversu vel tókst til með list-sýningu á vegum félagsins 1977.

Öllum iðnaðarmannafélögum í landinu hefur verið skrifað til að leita fanga um sýningargripi og þótt undirtektir hafi enn verið dræmar, er það von sýningarnefndar, að breyting verði þar á, enda ætti enginn skortur að vera á iðnaðarmönnum, sem gera fagra hluti úr tré. Eftirtaldir skipa nefndina og fylgja símanúmer með, svo að gera megi vart við nýja eða gamla muni unna úr tré: Helgi Hallgrímsson (33594 heima, 26240, vinna) Sæmundur Sigurðsson (16326) Jónas Sólmundsson (22552), Karl Sæmundsson (16435) Þorkell Skúlason (19762), Hulda Valtýsdóttir (36219) og Snorri Sigurðsson (18150 heima, 40789 vinna) Þau tvö síðast töldu sitja nefndina sem fulltrúar framkvæmdanefndar „Ars trésins“.

Það sem sýnt verður

Fyrirhugað er að sýningin skiptist í þrjá hluta:

1. Skógræktardeild, sem aðallega verður byggð upp á ljósmyndum og linurítum,

2. Viður sem smíðaeefni: gerð viðar, vinnsla, þurrkun, o.s.v.

3. Munir úr víði.

Þessi þáttur sýningarinnar er sá sem snýr að iðnaðarmönnum sjálfum og verða þar sýnd húsgögn, nytjalistmunir og hreinir listmunir. Sýningin mun verða í kjallara húss Iðnaðarins við Hallveigarstig.

Ms.



Badstofa og fundarherbergi Iðnaðarmannafélagsins í gömlu Iðná. Það hús er nú í eigu Reykjavíkurborgar, en badstofunni halda félagsmenn. Það hefur ekki væst um fundargesti í þessari stofu, sem er haglega gerð af Rikharði Jónssyni. Smíði badstofunnar var lokið árið 1926.




Gunnar Örn Guðmundsson dýralæknir í hlutverki dýralæknisins í Óðali febranna, ásamt Jakobi Þór, sem leikur aðalhlutverkið.

Óðalið í Reykjavík, Akureyri og í Eyjum

A morgun, föstudag, hefjast sýningar að nýju í Reykjavík á kvikmyndinni Óðali febranna. Myndin verður sýnd á öllum sýningartímum í Laugarásblói frá föstud. 26. september til föstudagsins 3. október.

Þá verður myndin einnig sýnd á Akureyri á morgun- og á sunnudaginn í Vestmannaeyjum.

Nú hafa um 70.000 manns séð þessa umtöluðu kvikmynd.



A laugardaginn opnar Guðrún Tryggvadóttir sýningu í Djúpinu, Hafnarstræti. A sýningunni verða ljósmyndir af ýmsu tagi, ljósritun o.fl.

Sýning Guðrúnar verður opin á sama tíma og veitingastofan Hornið og varir til 8. okóber. Þeir, sem fá sér í svanginn í Horninu, ættu ekki að telja það eftir sér að líta niður í Djúpið. Þar eru jafnan skemmtilegar sýningar og svo má nú ekki gleyma jazzkvöldunum á fimmtudögum — t.d. í kvöld!

OFVITINN LENGI LIFI!

Sýningar hefjast að nýju í kvöld

„Sýning Ofvitans er glæsilegur sigur og í rauninni merkisatburður í íslensku leikhúslífi. Fyrst og fremst er það að þakka Kjartani Ragnarssyni, sem fékk þá furðulegu flugu í höfuðið að setja Ofvitann á svið og jafnframt leikstjóranum, Kjartani Ragnarssyni, sem tókst að skila þessu verkefni sínu heilu í höfn.“

„Ég óska Leikfélagi Reykjavíkur til hamingju með þessa skemmtilegu sýningu. Megi hún lengi lifa!“ (BS í Vísi eftir frumsýningu Ofvitans í fyrrihaust).

Og hún lifir enn, því að í kvöld verður áfram haldið sýningum á Ofvitannum í Iðná. Leikurinn var sýndur 100 sinnum í fyrrihaust, og einatt fyrir fullu húsi og er ekki að efa, að endurkoma hans verður mörgum fagnaðaræfni. 101. sýningin er eins og fyrr sagði í kvöld og næsta verður á laugardagskvöldið kemur kl. 20.30.

Ms.



Þórbergur yngri og eldri. Emil Guðmundsson og Jón Hjartarson í hlutverkum sínum.



Snorri Sveinn, Guðbergur, Hringur, Örn, Magnús og Björgvin, allir í smáhvöld frá undirbúningi Haustsýningarinnar að Kjarvalsstöðum. (Ljós. Ella)

Haustsýningin

Arleg haustsýning FIM verður opnuð á laugardaginn kemur að Kjarvalsstöðum. 5 myndlistarmönnum var boðið að sýna sem sérstökum gestum og eru það þau Asgerður E. Búadóttir, Guðmundur Benediktsson, Leifur Breiðfjörð, Valtýr Pétursson og Þórður Hall. FIM hefur látið prenta póstkort í litlum af einu verki hverra þessara listamanna og verða þau seld á sýningunni, auk korta sem gerð


voru í tilefni Sýningar Sigurjóns Olafssonar í vor.

Þegar þetta er skrifað, lá enn ekki ljóst fyrir, hversu margir myndu sýna auk gestanna, en vist er að það verða fjölmargir og verður þar að líta teikningar, málverk, glermyndir og vefnað og muni úr leir á sýningunni. Hún verður opnuð sem fyrr sagði á laugardaginn kl. 15 og varir til 12. október.

Vatnslitir í Ásmundarsal

Þessa dagana sýnir Kristján Jón Guðnason vatnslitamyndir í Ásmundarsal við Freyjugötu. Hann sýnir 37 myndir, flestar úr Reykjavík.

Kristján Jón stundaði nám í Myndlista- og handiðaskólanum 1961-64 og við Listiðnaðarskólann í Osló 1965-67. Hann hefur áður sýnt á Ungdomsbiennalnum í Osló (1970) og á Haustsýningum FIM. Sýning hans í Ásmundarsal er opin frá kl. 4-22 og stendur til sunnudagsins kemur, 28. september.



Kristján Jón. (Ljós. Ella)